

**Ed.**

**170. Nefndarálit**

um frv. til laga um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Mál þetta hefir verið borið fram á undanförunum þingum og færð fyrir því gild rök, að einkasala á tóbaki mundi gefa ríkissjóði eigi minna en 200

þúsund krónur á ári. Er þetta sérstaklega ítarlega rakið í greinargerð frv. á þinginu 1929 (A. 1929, þskj. 198).

Ein af ástæðum þeim, sem færðar hafa verið fram gegn frv., er það, að tekjur rikissjóðs mundu verða minni af einkasölunni fyrsta árið, vegna mikilla tóbaksbirgða hjá kaupmönnum, er þeir mundu draga að sér, rétt áður en einkasalan tæki til starfa. En við þessu eru nokkrar varnir settar í 7. gr. frv., þar sem rikisstjórninni er heimilað að neita um frest á tollgreiðslu af tóbaksvörum frá 1. sept. næstk.

Til að tryggja það, að lögin verði þá komin í gildi, flytur meiri hlutinn þá breytingartillögu við frv., að lögin gangi í gildi þegar er þau hafa hlotið staðfestingu.

Þótt hinsvegar meiri birgðir væru til um áramót en venjulega, er stöfuðu af auknum innflutningi tóbaks vegna laga þessara, þá hefir ekki annað skeð en að rikissjóðurinn hefir fengið tolltekjur af tóbaksvörum nokkrum mánuðum fyrr en annars mundi, og verður það varla talið skaða rikissjóð.

Það er nýtt í þessu frv., að eldspýtur eru teknar með tóbakinu. Innflutningur á eldspýtum var árið 1928 um 70 þúsund kr., og má gera ráð fyrir, að af þessu ættu að geta orðið nokkrar tekjur, án þess verðlag hækkaði í smásölu.

Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGARTILLÖGU.

Á eftir 15. grein komi ný grein, svo hljóðandi:  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 14. marz 1931.

Ingvar Pálmason,  
form.

Jón Baldvinsson,  
fundaskrifari og frsm. meiri hl.